Fundargerð

Fundur var haldinn í fullskipaðri málnefnd fimmtudaginn 23. október í Eddu og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Matthías Tryggvi Haraldsson, Ragnar Jónasson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson og Þórður Sævar Jónsson. Arnhildur Arnaldsdóttir, Guðrún C. Emilsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Torfi Þórhallsson boðuðu forföll. Marta Guðjónsdóttir og Þorsteinn Ásgrímsson mættu ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Fréttir frá málnefnd

Málræktarþing var haldið í Eddu 25. september og var yfirskrift þingsins *Íslenska og stjórnsýslan*. Dagskráin hófst með ávarpi Loga Einarssonar ráðherra og því næst voru haldin sex stutt erindi. Kynnt var ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2025 sem bar yfirskriftina *Regluverk íslensku*. Glatkistan fékk viðurkenningu Íslenskrar málnefndar í ár fyrir að koma alfræðiefni á netið. Málræktarþingið var vel sótt og fjallað var um ályktunina um stöðu íslenskrar tungu í bæði í Morgunblaðinu og í þættinum Speglinum í Ríkisútvarpinu.

2. Ástand og horfur í málefnum íslenskrar tungu.

Samkvæmt stefnuskrá er áhersluatriði ársins 2026 *Íslenska, snjalltæki og unga fólkið*. Íslenska er lítt áberandi í snjalltækjum og kanna þarf hvaða skref þarf að taka til að styrkja þar stöðu íslensku.

Umræður urðu um málnotkun í leik- og grunnskólum. Sigríður Ólafsdóttir vakti athygli á rannsóknum um málþroska- og læsi og tengslum orðaforða og lestrarfærni við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. Niðurstöður rannsókna benda til þess að orðaforða og lestrarfærni sé ábótavant hjá hluta íslenskra nemenda og að slök færni á þessu sviði hafi áhrif á hæfni þeirra til að lesa sér til gagns. Slíkar niðurstöður eru áhyggjuefni og því mikilvægt að tekið sé mið af þeim við mótun lestrarkennslu á öllum skólastigum.

3. Önnur mál

Áætlað er að *Málfregnir*, vefrit Íslenskrar málnefndar, komi út á degi íslenskrar tungu 16. nóvember.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17.

Ármann Jakobsson	Ágústa Þorbergsdóttir
sign.	sign.